



Ólafsfjörður 9. maí 2012

Almennt útboð á elduðum mat fyrir nemendur í 1.- 4. bekk og 8.-10. bekk og starfsfólks Grunnskóla Fjallabyggðar, Siglufirði.

Óskað er eftir tilboði í eldaðan mat handa nemendum í 1.-4. bekk og 8.-10. bekk og starfsmönnum skólans á Siglufirði. Gert er ráð fyrir að skólinn hefjist 27. ágúst 2012 og ljúki 7. júní 2013 og að nemendur fái heita máltíð í hádeginu frá 28. ágúst – 6. júní.

Fjöldi nemenda / starfsmanna og tími:

Nemendur borða í tveimur hópum; nemendur í 1.-4. bekk verða 40 talsins og nemendur í 8.-10. bekk verða alls 85. Starfsmenn eru um 20 talsins. Undanfarin ár hafa 85-95% nemenda í 1.-4. bekk borðað eldaðan mat í hádegi og 60-70% nemenda í 8.-10. bekk. Óvíst er hversu margir starfsmenn munu nýta sér þjónustuna.

Nemendur eru 30 mínútur í hádegismat á tímabilinu 11.30 – 12.30, 5 daga vikunnar, eða samkvæmt skóladagatali Grunnskóla Fjallabyggðar.

Bjóðandi;

- Leggur til húsnæði og afgreiðir matinn.
- Ber ábyrgð á að matur sé nægur fyrir nemendur.
- Leggur til borðbúnað hverju sinni.
- Sér um uppvask.
- Greiðir launakostnað vegna síns starfsmanns í hádegi.

Óskað er eftir:

Tilboði í verð pr. nemanda / starfsmann.

Sýnishorni af matseðli til 8 vikna.

Staðfestingu á samþykktu starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti.

Nýlegri eftirlitsskýrslu heilbrigðiseftirlits.

Upplýsingum um aðstöðu og búnað í eldhúsi.

Upplýsingum um menntun og /eða reynslu starfsfólks.

Sakavottorði.

Gæðakröfur:

Bjóðandi skal uppfylla ákvæði úr reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Matvæli sem bjóðandi selur skulu uppfylla öll þau skilyrði sem um þau gilda samkvæmt lögum og reglugerðum. Innra eftirlit skal vera virkt og þarf nýjasta eftirlitsskýrsla frá heilbrigðiseftirlitinu að staðfesta það. Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla til heilbrigðiseftirlit, ef hann telur þörf á.

Matseðill skal vera í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar sem finna má í Handbók fyrir skólamötuneyti frá 2005.

Fylgst skal með nemendum sem eru með ofnæmi fyrir ákveðnum fæðutegundum og skulu þeir fá annars konar heita máltíð.

Tímabil samnings:

Samningstími er eitt ár, frá 27. ágúst 2012 – 7. júní 2013. Fyrirhugað er að gera breytingar á mataraðstöðu nemenda í nýrri viðbyggingu grunnskólans á Siglufirði haustið 2013. Þá munu nemendur matast í móttökueldhúsi skólans. Næsta vor verða því skólamáltíðir nemenda og starfsmanna á Siglufirði boðnar út á ný.

Vísitöluviðmið:

Verð tekur breytingum samkvæmt þróun vísitölu neysliverðs og reiknast árlega þann 1. september.

Uppsögn:

Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með 3 mánaðar fyrirvara. Lok uppsagnarfrests miðast þó við í fyrsta lagi við lok næstu annar eftir að uppsögn er tilkynnt.

Tilboð sendist til:

Karítasar Skarphéðinsdóttur Neff, fræðslu- og menningarfulltrúa á skrifstofu Fjallabyggðar, Ólafsvægi 4, 625, Ólafsfirði og skulu hafa borist fyrir kl. 14.00, 30. maí 2012. Tilboðin verða opnuð á skrifstofu Fjallabyggðar, Ráðhúsi, Gránugötu 24 sama dag kl. 14.00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Kaupandi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.

Vakin er athygli á því að heimilt er að senda inn frávíkstilboð ef ofangreint fyrirkomulag hentar ekki bjóðanda.

Upplýsingar:

Hægt er að nálgast upplýsingar á heimasíðu Lýðheilsustöðvar (lydheilsustod.is – útgefið efni – bækur, bæklingar, kennslufni og skýrslur – næring og holdarfar – handbók fyrir skólamötuneyti) og á heimasíðu Menntasviðs Reykjavíkur, en þar má finna;

Gæðahandbók skólamötuneyta útg. Leikskóla- og Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Lög um matvæli frá 1995.

Reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu.

Reglugerðir og auglýsingar á matvælasviði.

Fæðuofnæmi og fæðuóþol – upplýsingar fyrir matreiðslufólk í skólamötuneytum.

Nánari upplýsingar veitir:

Karítas Skarphéðinsdóttir Neff fræðslu- og menningarfulltrúi.

f. h. Fjallabyggðar:

Karítas Skarphéðinsdóttir Neff
Fræðslu- og menningarfulltrúi